

Desember 2021 Matseðill og ýmsir viðburðir

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Vika 17 Stafur vikunnar: L Tákn: Leika sér				
29 nóv	30 nóv	1 Pizza, franskar, ferskt salat	2 Rauður dagur Fiskur með ananas, salatbar og kaldar sósur	3 Kakósúpa, tvíbökur og ávextir
Vika 18 Stafur vikunnar: G Tákn: Rauður				
6 Piparkökubakstur Lambagúllas, kartöflumús, gular og grænar baunir	7 Paprikufiskur, ferskt salat og kaldar sósur	8 9:15-10:30 3. og 4.b í heimsókn Pylsur í brauði, kartöflusalat	9 Steiktur fiskur, kartöflur, salatbar og kaldar sósur	10 Grjónagrautur, slátur, ávextir
Vika 19 Stafur vikunnar: F Tákn: Góðan dag				
13 Vasaljósadagur Kornflex kjúklinganaggar, hrísgrjón, súrsæt sósa, gúrka og paprika	14 F.h. Jólaball á Reynilandi E.h. Jólaball í garði fyrir börn á Könglalandi og Kvistalandi. Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð, ferskt salat	15 Folaldasnitzel, brún sósa, rusty kartöflur, brokkólísalat	16 Náttfatadagur 10:50 Skólahópur i Tarsanleik 11:30 Skólah. til 3. og 4.b. Karrýfiskur í formi, kartöflur, salatbar og kaldar sósur	17 Hangikjöt, kartöflur, jafningur, grænar baunir, rauðkál, laufabrauð, smjör
Vika 20				
20 Börnin á Könglalandi velja matinn.	21 Börnin á Kvistalandi velja matinn.	22 Börnin á Reynilandi velja matinn.	23 Þorláksmessa Lokað v/starfsmannafunda	24 Aðfangadagur Lokað
Vika 21				
27 Skyr, brauð og ávextir	28 Soðinn fiskur, kartöflur, rúgbrauð,	29 Pylsur og pylsubrauð	30 Óákveðið	31 Gamlársdagur Lokað

Aðventan í leikskólanum

Í desember reynum við að hafa notalega stemmingu og huga að ýmsum jólahefðum. Við ætlum að eiga ljúfar stundir og skemmta okkur eins og okkur er lagið, syngja jólalög, fönndra og leika okkur. Við bökkum piparkökur, sem börnin fá að gæða sér á við sérstök tækifæri, við höldum jólaböll og bröllum ýmislegt fleira.

Rauður dagur

Við höfum rauða litinn áberandi og klæðum okkur í eitthvað sem minnir á jólin.

Vasaljósadagur

Börnin mega koma með vasaljós. Munið að merkja ljósin.

Jólaball

Ekki verður haldið hefðbundið jólaball í ár vegna Covid-takmarkana. Í staðinn ætlum við að vera með jólaball fyrir börnin annars vegar á Reynilandi og hins vegar í garðinum við Birkilund. Gengið verður í kring um jólatré og sungin jólalög. Vonandi heyra jólasveinar sönginn og kíkja á okkur. Boðið verður uppá piparkökur og eitthvað fleira. Stefnt er að því að hafa þetta ball þriðjudag 14. desember en veður gæti haft áhrif á það hjá börnunum á Könglalandi og Kvistalandi.

Lokun um jólin

Lokað verður á Þorláksmessu vegna starfsmannafunda sem starfsfólk hefur unnið utan opnunartíma. Einnig verður lokað á aðfangadag og gamlársgangur.

Mæting og matur síðustu daga fyrir jól

Gott væri að fá að vita fyrir 16. des ef gert er ráð fyrir að barn sé í fríi 20., 21. og/eða 22. desember, því þá daga þurfum við að elda í Birkilundi og panta þarf matvörur tímanlega og í hæfilegu magni.

Covid

Grímuskylda foreldra, 1 m fjarlægðarmörk.

Við vorum að vona að við færðumst fjær þessum takmörkunum en reyndin er önnur. Við getum því ekki boðið ykkur foreldrum að taka þátt í starfinu með okkur að sinni.

Vinsamlegast látið vita um forföll barna

Forföll barna á Könglalandi og Kvistalandi skal tilkynna í síma 4538215 eða á netföng deildanna. Forföll barna á Reynilandi skal tilkynna í síma 5718215 eða á netfang deildarinnar. Mikilvægt er að þessi skilaboð séu send í leikskólann en ekki í einkaskilaboðum til einstakra starfsmanna. Viðkomandi starfsmaður gæti verið veikur eða í fríi og ætti í þeim tilvikum ekki að vera ábyrgur fyrir því að koma skilaboðum áleiðis, auk þess sem ætlast er til að starfsmenn séu ekki með einkasíma inni á deildum..

netfang á Könglalandi: konglaland@skolar.skagafjordur.is

netfang á Kvistalandi: kvistaland@skolar.skagafjordur.is

netfang á Reynilandi: reyniland@skolar.skagafjordur.is

Rútuferðir

Á foreldrafundi var rætt um að athugað væri að fá rútu með þriggja punkta beltum og að foreldrar kæmu með sessur fyrir börnin. Þetta var síðan reynt í Glaumbæjarferð í byrjun nóvember. Töluverð fyrirhöfn var að koma sessum fyrir í rútu og úr henni aftur. Þar fyrir utan tóku sessurnar mikið pláss á gangi leikskólans fyrir og eftir ferð. Í þetta skiptið voru 12 börn sem fóru. Með stærri hópa yrði þetta enn umfangsmeira. Í reglugerð segir: „Í hópþingum er þó leyfilegt að nota þann örggisbúnað og verndarbúnað fyrir börn þriggja ára eða eldri sem er til staðar í þinginu.“ (6. gr. 725/2015). Við ætlum að kynna okkur betur öryggismál og ábyrgð áður en tekin verður ákvörðun um hvort farið verður í fleiri slíkar ferðir og hvernig framkvæmd þeirra verður þá.